



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 136/878
komudagur 18.2.2009

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Dagsetning
17. febrúar 2009.

Tilvísun
A-8
GB/bb

Vísað er til erindis efnahags- og skattanefndar Alþingis dags. 12. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um virðisaukaskatt, 289. mál, hækkuð endurgreiðsla vegna vinnu á byggingarstað.

Með frumvarpinu er lagt til að hlutfall endurgreiðslu virðisaukaskatts til byggjenda íbúðarhúsnæðis vegna vinnu manna á byggingarstað og vegna vinnu við endurbætur eða viðhald íbúðarhúsnæðis verði hækkað úr 60% í 100%. Ákvæðið er tímabundið og gildir frá 1. mars 2009 til 1. júlí 2010. Jafnframt er lagt til að heimilt verði að endurgreiða ákveðið hlutfall, sem ákveðið verði í reglugerð, virðisaukaskatts af verksmiðjuframleiddum húseiningum. Sú breyting er ekki tímabundin.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún hefur engar athugasemdir fram að færa við frumvarpið.

Sveinn Þórunn

Guðm. Þórunn